



Spáum 2,6% verðbólgu í október

Hagstofan birtir októbermælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 28. október. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölnnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 3,0% í 2,6%.

VNV hækkaði um 0,09% milli mánaða í september, en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til +0,2. Við höfðum spáð +0,1%.

Helstu undirlíðir:

- **Kaup á ökutækjum** lækkar vegna styrkingar gengis krónunnar.
- **Föt og skór** lækka lítillga.
- Verð á þjónustu **hótela og veitingastaða** lækkar milli mánaða.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** milli mánaða.
- **Flugfargjöld til útlanda** hækka alla jafna milli mánaða í október. Við búumst við að hækkunin milli mánaða nú verði aðeins minni en í október síðustu tveggja ára.

Spá okkar um breytingu vísitölnnar milli mánaða í október er óbreytt frá síðustu spá okkar sem við birtum í september.

Búumst við verðbólgu undir markmiði í nóvember


Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Nóv: -0,1% milli mánaða, 2,3% ársverðbólga
- Des: +0,4% milli mánaða, 1,9% ársverðbólga
- Jan: -0,6% milli mánaða, 1,7% ársverðbólga

Lækkun ársverðbólgunnar skýrist að einhverju leyti af því að í október og desember detta miklir hækkunarmánuðir út úr tólf mánaða tölunni, en í fyrra hækkaði vísitalan um 0,57% milli mánaða í október og um 0,74% milli mánaða í desember.

	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Kaup ökutækja	5,6%	-0,5%	-0,03%
Föt og skór	4,4%	-0,5%	-0,02%
Hótel og veitingast.	5,8%	-0,4%	-0,02%
Póstur og sími	1,8%	-0,8%	-0,01%
Menntun	0,4%	0,0%	0,00%
Tómst. og menning	10,0%	0,0%	0,00%
Heilsa	4,0%	0,1%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	0,1%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,5%	0,3%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,1%	0,1%	0,01%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,4%	0,03%
Reiknuð húsaleiga	16,2%	0,2%	0,03%
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,3%	0,04%
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	0,9%	0,05%
Bensín og díselolía	3,4%	1,5%	0,05%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	5,6%	0,08%
Alls	100,0%		0,22%

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í október og bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru þeir sömu og við nefndum fyrir mánuði síðan:

1. Flugfargjöld til útlanda

Greiningaraðilum, þar með talið okkur, hefur gengið mun verr að spá fyrir um mælingu Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda en nokkurn annan undirlið vísitölunnar síðustu mánuði. Ekki er ólíklegt að hér spili inn í að Hagstofan hefur þurft að breyta aðferðafræði sinni við mælingu á flugfargjöldum til útlanda í kjölfar falls WOW air í lok mars. Þar til meiri reynsla er komin á mælingar Hagstofunnar má búast við að áfram verði erfitt að spá fyrir um þennan lið.

2. Húsnæðisverð

Við gerum ráð fyrir að fasteignaverð muni áfram hækka mjög hægt.¹ Ef breyting verður þar á og húsnæðisverð fer aftur á flug mun það vega töluvert til hækkunar verðbólgu.

3. Þróun launa

Enn sem komið er sjást fá merki þess að almennt launaskrið umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir sé í gangi að nokkru marki.² Verulegt launaskrið myndi þýða hærri verðbólgu en við sjáum nú í kortunum.


4. Staða fyrirtækja

Í kjölfar aukins stöðugleika á vinnumarkaði hefur Seðlabankinn lækkað vexti. Það ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að stilla verðhækkunum í hof til að viðhalda stöðugleikanum. Spurningin er bara hversu vel í stakk búin þau eru til þess.

5. Gengi krónunnar


Ef krónan veikist verulega frá núverandi gildum hefur það í för með sér aukna verðbólgu.

Mánaðarbreyting VNV í október



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguþspá



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

¹ sjá: <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-08-21-Fasteignamarkadur-verd.pdf>

² sjá <https://umraedan.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2019-09-05-Vinumarkadur-launathroun.pdf>



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.